

Mál nr. 283/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Ferðatöf.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M ásamt fjölskyldu sinni átti pantað flugfar með flugfélaginu Wizzair frá Keflavíkurflugvelli til Napólí á Ítalíu 24. júlí 2022, en flugfélagið frestaði brottför og varð hún ekki fyrir en tæpum sólarhring seinna, eða 25. júlí 2022. M tilkynnti um tjón sitt vegna ferðatafar hinn 11. ágúst 2022 til V.

Í gr. 5.7 í vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar M, þar sem hann og fjölskylda hans eru vátryggð, kemur fram að „Fari svo að verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valdi töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiði til seinkunar á komutíma vátryggðs til ákvörðunarstaðar greiðast bætur. Fyrir hverja klukkustund umfram 12 tíma töf greiðast kr. 2.000, að hámarki kr. 40.000, fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri.“ Í 4. mgr. ákvæðisins kemur síðan fram að tjónþola beri „...að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem orsök og tímalengd tafar koma skýrt fram.“

M telur að tjón hans falli undir gildissvið greiðslukortatryggingar hans og vísar til þess að skv. munnlegri skýringu flugmanns á seinkun ferðar á m.a. á grundvelli þess að flugvélin hafi haft ónógt eldsneyti, áhöfnin og flugmaður kominn yfir hvíldartíma og nauðsynlegt hafi verið að kalla til nýjan flugmann frá öðru landi. M vísar einnig til þess að hann hafi staðfesta vitneskju fyrir því að öðrum flugfarþegum í nákvæmlega sama flugi, með sambærileg greiðslukort, hafi verið greiddar bætur vegna ferðatafar hjá V án þess að V geti gefið skýringar á slíku misræmi.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi ekki sýnt fram á, með skriflegri staðfestingu frá Wizzair að ástæða ferðatafar hafi verið ein af þeim sem komi fram í gr. 5.7 í vátryggingarskilmálum, þ.e. verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun. Þannig geti V ekki fallist á að ferðatöf M og fjölskyldu hans falli undir gildissvið greiðslukortatryggingar hans og vísar V auk þess til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 111/2020.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum eru tæmandi talin þau tilvik sem geta leitt til tafa og þar með bóta, sbr. gr. 5.7. Í tilviki M eru það verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun. Einnig kemur fram í gr. 5.7 að skrifleg staðfesting þurfi að liggja fyrir frá flutningsaðila um að tafir hafi verið vegna þessara tilgreindu tilvika. Engin slík skrifleg staðfesting liggur fyrir í þessu máli og þær ástæður tafar sem M vísar til að flugmaður hafi gert munnlega grein fyrir við brottför, eldsneytisleysi og hvíldartími flugmanna og áhafnar, eru ekki þær sem skýrlega eru taldar upp í gr. 5.7 í vátryggingarskilmálum. Engin gögn liggja heldur fyrir um þær upplýsingar sem M kveðst hafa um afgreiðslu annarra mála hjá V vegna sömu ferðatafar og verður því ekki á því byggt. Ákvæði vátryggingarskilmála V eru skýr um gildissvið bóta fyrir ferðatafir og hefur M ekki sýnt fram á að sú töf sem hann varð fyrir ásamt fjölskyldu sinni uppfylli skilyrði til greiðslu bóta.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir